

2. Frakkastigur verður aðalbraut milli Skólavörðustígs og Njálsgötu, þó þannig að umferð um hann viki fyrir umferð um Njálsgötu.
3. Stöðvunarskylda fyrir hægri beygju af Litluhlíð til vesturs inn á Hafnarfjarðarveg verður felld úr gildi, en í staðinn komi biðskylda.
4. Akstur annarra ökutækja en strætisvagna verður bannaður um stíg milli Hjalla-vegs og Flúðasels.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. nóvember 1978.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. október 1978.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 404.

27. apríl 1978.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla
skólaárið 1978—1979.

	Bekkur										
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.		
Móðurmál	16	16	18	20	9	8	6	5	5		
Stærðfræði					5	5	5	5	5		
Saga, félagsfræði, landafræði					7	7	14	14			
Kristinfræði											
Líffræði, eðlis- og efnafræði	4	4	6	8	6	3				4	4
Heimilisfræði											
Tónmennt											
Mynd- og handmennt											
Danska	2	2	2	2	3	3	3	4	4		
Enska						3	4	4	4		
Íþróttir ¹					3	3	3	3	3		
Valgreinar									10—16		
Nem. stundir	22	22	26	30	33	35	35	35	31—37		
Skiptistundir			2	3	3	3	4	5			
Kenn. stundir	22	22	28	33	36	38	39	40			

1. Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.

- 1) Stundaskrárviðmiðun þessi kemur í stað auglýsingar nr. 184/1977 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk skólaárið 1976—77.

Auk þess vísast til aðalnámskrár grunnskóla og enn fremur til gagna varðandi kennslu í einstökum greinum sem skólum verða send.

- 2) Miðað við stundaskrárviðmiðun fyrir skólaárið 1977—78, þá hafa eftirtalдар breytingar verið gerðar:

- a) Fjöldi kennslustunda í einstökum greinum er ekki tiltekinn nema í 5.—9. bekk í móðurmáli, stærðfræði og dönsku, í 6.—9. bekk í ensku og í íþróttum í öllum bekkjum. Að öðru leyti er aðeins tilgreint um stundafjölda í greinaflokkum og getur hver skóli um sig ákveðið kennslu í einstökum greinum innan þess ramma sem tilgreindur er. Þó er ekki heimilt að fella niður kennslu í námsgrein nema þá tímabundið og að höfðu samráði við hlutað-eigandi fræðslustjóra.

- b) Fjöldi vikulegra nemendastunda í 7. og 8. bekk hefur verið lækkaður úr 37 stundum í 35 stundir og lágmarksfjöldi vikustunda í 9. bekk úr 33 stundum í 31 stund. Einnig hefur nemendastundum í 4. bekk verið fækkað um eina. Hins vegar hefur verið fjölgað um 2 stundir í 1. bekk og 1 stund í 2. bekk.

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum stundum til valgreina í 8. bekk. Þó er heimilt að gefa nemendum kost á þeim ef skólar telja að unnt sé að fullnægja markmiðum námskrár með færri stundum en tilgreint er í stundaskrárviðmiðuninni. Þetta skal þó ekki gert nema að höfðu samráði við fræðslustjóra.

- c) Skiptistundir eru ætlaðar til að skipta bekkjum í kennslustundum t. d. heimilisfræði, mynd- og handmennt o. fl. greinum. Er bent á að tímabundin skipting bekkja getur verið hagkvæm t. d. þegar byrjað er á nýrri námsgrein og má í því sambandi benda á dönsku í 4. bekk, ensku í 6. bekk o. s. frv. Enda þótt þessar stundir séu skráðar í 3.—8. bekk er heimilt að nýta þær í 1. og 2. bekk ef henta þykir aðfengnu samþykki fræðslustjóra.
- 3) Auk þeirra stunda sem tilgreindar eru í töflunni fær hver skóli kennarastundir til ráðstöfunar sem nemur einni vikustund á hverja 25 nemendur í hverjum aldursárgangi í 1.—8. bekk, að svo miklu leyti sem þær rúmast innan hámarksákvæða 9. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla. Þessar stundir eru ætlaðar til námsaðgreiningar t. d. með því að skipta bekkjardeild í kennslu þegar tilteknir námsþættir eru kenndir eða með frjálsu viðbótarnámi hvortveggja án þess að föst stundaskrá nemenda lengist fyrir vikið. Heimilt er skólastjóra, ef hann telur sérstaka ástæðu til, að flytja hluta umræddra stunda milli aldursárganga.
- 4) Skólastjórar skulu gera áætlun um skiptistundir vegna valgreina í 8. og 9. bekk og fá hana samþykkt af hlutaðeigandi fræðslustjóra. Sama gildir um kennarastundir til ráðstöfunar sbr. 4. tölulið.
- 5) Námsgreinum í 9. bekk er skipt í tvo flokka, kjarna og valgreinar. Í kjarna eru þessar greinar: móðurmál, stærðfræði, enska, danska og íþróttir, og skulu allir nemendur taka þær.

Valgreinar eru:

- | | |
|--|-----------|
| a) Saga, félagsfræði og landafræði | 4 stundir |
| b) Líffræði, eðlis- og efnafræði | 4 stundir |
| c) Mynd- og handmennt | 4 stundir |
| d) Aðrar greinar | 8 stundir |

Í flokknum aðrar greinar eru m. a. þessar:

Kynning atvinnuvega,
viðskiptagreinar,
vélfræði,
heimilisfræði,
tækniteikun,
tónmennt — hljóðfæraleikur — kórstarf.

Að sjálfstöðgu geta einstakir skólar bætt við þennan lista ef þeir vilja gefa nemendum sínum kost á fleiri greinum. Hér er einkum lögð áhersla á verklegt nám og kynningu atvinnueganna. Í þessu sambandi er sérstaklega bent á að nýta sem best þá aðstöðu sem er fyrir hendi til kennslu í heimilisfræði.

Nemendur skulu velja annað hvort sögu, félagsfræði og landafræði 4 st. eða líffræði, eðlis- og efnafræði 4 st. Nemendur geta einnig valið báðar grein-

arnar, samtals 8 st. Þar að auki skulu þeir velja greinar skv. c- og d-lið 8 st. minnst og 12 st. mest.

Í valgreinum skal meðalfjöldi nemenda eigi vera lægri en 17 og í einstökum námshópum skulu eigi vera færri nemendur en 12.

Tiltekið val í 9. bekk takmarkar ekki möguleika nemenda til framhaldsnáms að því tilskildu að þeir hafi fullnægt þeim lágmarkskröfum um námsárangur sem gerður er til inngöngu í framhaldsskóla.

- 6) Á sama hátt og undanfarin ár en stundaskráin gerð þannig að í öllum bekkjum er miðað við 40 mínútna stundir. Þrátt fyrir þessa 40 mínúna viðmiðun er heimilt að hafa einstakar kennslustundir lengri eða skemmri, t.d. allt frá 20 mín. og upp í 80 mín., eftir því sem heppilegt er talið frá kennslufræðilegu sjónarmiði og með hliðsjón af þeim viðfangsefnum sem unnið er að.

Þess skal þó gætt að heildarfjöldi kenndra stunda á viku sé að jafnaði sá sem stundaskráin tilgreinir.

- 7) Æskilegt er, og í sumum tilvikum skylt, að veita nemendum fræðslu um tiltekin atriði sem ekki koma fyrir í námsefni einstakra greina, t.d. umferðarmál, fíknilyf, kynlíf o.fl. Þessar greinar eru þess eðlis að þær er hagkvæmast að kenna á námskeiðum, löngum eða stuttum eftir atvikum. Er ekkert við það að athuga þótt vikulegur fjöldi kennslustunda viki um skeið nokkuð frá því sem stundaskráin ákveður ef þess er gætt að meðalstundafjöldi hvers nemanda á viku yfir allt skólaárið sé sem næst því sem tilgreint er.

Þá skal leitast við að halda uppi kórstarfi svo og fjölbreyttu félagsstarfi. Stundir til þessarar starfsemi getur skóli tekið af kvóta sínum samkvæmt 10. og 14. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.

- 8) Stærð aldursflokka er víða þannig að mikil óhagkvæmni verður í rekstri skóla ef viðmiðunarstundaskrá er fylgt nákvæmlega. Það skal því endurtekið að stundaskrána ber að skoða sem viðmiðun en ekki nákvæmt fyrirmæli. Samkennta mismunandi árganga, eða bekkjardeilda í sama árgangi í vissum greinum, er kennsluform, sem víða er beitt með góðum árangri, bæði í litlum og stórum skólum. Þessi tilhögun gerir kröfu um aukna samvinnu kennara en býður upp á fjölbreytni og aukinn sveigjanleika í skólastarfi auk þess að þær stundir sem skólar hafa til ráðstöfunar nýtast í mörgum tilvikum betur. Ekki er unnt að gefa neinar algildar reglur í þessu efni og er nauðsynlegt að kennarar þreifi sig áfram um hagkvæmar leiðir.

Hér á eftir fer dæmi um hugsanlega stundaskrá fyrir skóla með fáa nemendur.

Nemendum er skipt í þrjár deildir, þ.e. yngri deild 7—9 ára, eldri deild 10—12 ára og unglingadeild 13—15 ára.

	y-deild	e-deild	u-deild	
Móðurmál	}	9	5	
Stærðfræði		5	5	
Saga, félagsfræði, landafræði		}	}	
Kristinfræði				
Líffræði, eðlis- og efnafræði	}	14		
Heimilisfræði				
Tónmennt				
Mynd- og handmennt				
Danska	}	6	}	
Enska		3		4
Íþróttir ¹		2		3
Valgreinar	3			
	23	33	35	

Þegar kennsla hefst í ensku hjá 12 ára börnum verður að fella niður kennslu í annarri grein í staðinn. Sama gildir um valgreinar í unglingadeildum.

Með þessari skiptingu fá nemendur kennslu í jafnmargar vikustundir á 9 árum og stundaskráin gerir ráð fyrir.

- 9) Fagnámstjórar menntamálaráðuneytisins, eða sérstakir trúnaðarmenn þess, leiðbeina við kennsluáætlanir, námsefni og kennslu í einstökum greinum. Rétt er að skólustjórar og kennarar snúi sér beint til þessara aðila eftir því sem þörf krefur og ástæða þykir til.
- 10) Óski skóli eða skólahverfi eftir því að gera tilraunir í sambandi við kennslu skal umsókn um leyfi til slíks send menntamálaráðuneytinu fyrir málok, ásamt greinargerð fyrir ástæðum til nýbreytninnar, kennsluskipan, kennslukröftum og kostnaðaráhrifum.

Athugasemd þessi á við breytingar sem eru verulegar og víkja frá gildandi námskrá og reglugerðarákvæðum. Um önnur og smærri frávík, sjá 3. lið.

- 11) Minnt skal á að nemendum er heimilt að þreyta próf í norsku eða sænsku og sleppa dönsku í staðinn. Þess er tæplega að vænta að grunnskólar geti að jafnaði boðið nemendum kennslu í öðru Norðurlandamáli en dönsku, en skólustjórar og kennarar eru beðnir að vera þeim nemendum, sem ekki læra dönsku, til aðstoðar við að skipuleggja sjálfsnám, eða annað nám sem þeir kunna að eiga kost á því máli sem þeir leggja stund á.
- 12) Ákvæði laga um grunnskóla nr. 63/1974 um kennslutíma o. fl. koma ekki að fullu til framkvæmda fyrr en eftir nokkurn tíma, enda gerir 88. gr. laganna ráð fyrir því að lögin komi til framkvæmda „svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku“.

Að því er varðar vikulega stundaskrá nemenda í 1.—9. bekk grunnskóla og kennsluskipan innan ramma hennar koma ákvæði laga um grunnskóla til framkvæmda á skólaárinu 1977—1978 að því marki sem tilgreint er í aðalnámskrá grunnskóla og þessari auglýsingu ásamt skýringum.

Lenging skólaskyldu úr 8 árum í 9 kemur ekki til framkvæmda að svo stöddu sbr. 88. gr. grunnskólalaga og ákv. til bráðabirgða.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

14. nóvember 1978.

Nr. 405.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur Yfirfasteignamatshnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið að framreikningsstuðull fyrir skráð matsverð allra fasteigna í landinu skuli vera 1.42.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð skv. þeim framreikningsstuðli, sem